

Féret gegn Belgíu

Dómur frá 16. júlí 2009

Mál nr. 15615/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Útbreiðsla kynþáttahatus. Stjórnámálamenn. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Daniel Féret, er belgískur ríkisborgari, fæddur 1944 og búsettur í Brussel. Hann er formaður stjórnmalaflokksins „*Front National-Nationaal Front*“ og jafnframt aðalritstjóri útgefins efnis af hálfu flokksins og eigandi vefsíðu flokksins. Hann var þingmaður á belgíska þinginu þegar málsatvik áttu sér stað. Í tengslum við kosningabaráttu flokksins frá 1999-2001 var dreift bæklingum og veggspjöldum sem urðu tilefni kvörtunar frá einstaklingum og félögum. Töldu þeir þar hvatt til kynþátta- eða útlendingahatus, mismununar og ofbeldis sem refsivert væri samkvæmt landslögum. Þann 19. febrúar 2002 var kærandi yfirheyrður af lögreglunni í tengslum við fyrrnefndar kvartanir.

Friðhelgi kæranda vegna stöðu hans sem þingmanns var afturkölluð að beiðni aðalríkissaksóknara við áfrýjunardómstól Brussel og í kjölfarið var refsímál höfðað á hendur honum þar sem hann var höfundur og ritstjóri hinna umræddu bæklinga og eigandi vefsíðunnar. Þann 18. apríl 2006 dæmdi áfrýjunardómstóll Brussel kæranda í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að inna af hendi 250 stunda samfélagsþjónustu, ásamt greiðslu sektar til allra stjórnmalaflokka landsins og lýsti því yfir að kærandi gæti ekki orðið kjörgengur næstu 10 ár. Dómstóllinn taldi að athafnir kæranda hefðu ekki samrýmt stöðu hans sem þingmanns og að í bæklingunum hafi verið að finna málsgreinar sem með skýrum og eindregnum hætti hvöttu til mismununar, aðskilnaðar eða haturs og jafnvel ofbeldis gagnvart einstaklingum vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis þeirra eða tengsla við þjóðernisminnihluta. Áfrýjun kæranda til æðra dómstigs náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að refsa honum fyrir ummæli sem birtust í bæklingum útgefnum af stjórnmalaflokki hans, hefði verið brotið gegn rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans með óhóflegum hætti.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að tjáningarfrelsi væri einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags og ætti ekki einungis við um upplýsingar eða hugmyndir sem féllu í góðan jarðveg eða væru álitnar meinlausar eða þýðingarlitlar, heldur jafnframt þær sem móðga og yllu hneykslan. Umrædd takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda var talin í samræmi við lög og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra og firra glundroða eða glæpum. Við mat á því hvort skerðingin teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi yrði hún að vera gerð vegna knýjandi þjóðfélagslegrar nauðsynjar og í hlutfalli við það lögmæta markmið sem að var stefnt. Mjög þungvægar ástæður þurfi til að réttlæta takmarkanir á tjáningarfrelsi þegar tjáning væri innlegg í pólitískar umræður eða ætti erindi við almenning.

Dómstóllinn tók fram að í bæklingunum væru þeir samfélagshópar, sem þar var fjallað um, taldir hneigjast til glæpa og væru gjarnir á að misnota réttindi sem þeir fengju sem íbúar í Belgíu. Jafnframt væri gert gys að umræddum innflytjendum, sem meðal almennings vakti óhjákvæmilega tortryggni, höfnun og jafnvel hatur gagnvart útlendingum.

Dómstóllinn benti á að tjáningarfrelsi væru mikilvæg réttindi fyrir alla, en þó sérstaklega fyrir kjörna fulltrúa almennings. Hins vegar ítrekaði dómstóllinn að mikilvægt væri að stjórnmalamenn forðuðust ummæli sem gætu alið á fordómum þegar þeir upplýstu um skoðanir sínar á opinberum vettvangi.

Umræða um kynþátta- og útlendingahatur á vettvangi kjörinna fulltrúa almennings hefði mikil áhrif á almenning. Hvatningu til mismununar á grundvelli kynþáttar sem lausn á samfélagslegum

vandamálum tengdum innflytjendum taldi dómstóllinn líklega til að valda ólgu í samfélaginu og grafa undan trausti á lýðræðislegum stofnunum. Í þessu máli hefði því knýjandi þjóðfélagsleg þörf staðið til verndunar réttinda samfélags innflytjenda, líkt og hafði verið gert með niðurstöðu innlendra dómstóla.

Dómstóllinn tók fram að sú refsing sem kærandi hlaut, hefði verið í samræmi við viðmið dómstólsins um að gæta skyldi hófs við ákvörðun refsingar í opinberum málum.

Það var því álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið á rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.